



Frásögn af samtali Bjarna Benediktssonar við ameríska sendiherrann Mr. Butrick 10. og 18. ágúst 1948, 24. ágúst og 26. Ágúst.

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Sendiherra Bandaríkjanna – Mr Butrick – NATO – Atlantshafsbandalagið - 1948

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-10, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F r á s ö g n.

Þriðjudaginn 10. ágúst 1948 bað ameríski sendiherrann, Mr. Butrick, um samtál við mig og var það jafnskjótt eftir að ég kom úr rúmlega viku dvöl utan bæjar, en sjálfur nærði ég ekki nitt Mr. Butrick frá því áður en hann fór til Bandaríkjanna síðari hlutann í júlí.

Mr. Butrick sagðist hafa verið mjög önnum kafinn þann tíma, sem hann var í Washington vegna margskonar fundar varðandi samskipti Bandaríkjanna og Íslands. Kvað hann þar mikinn hug á því, að greiða fyrir málefnum okkar með því að kaupa vörur fyrir dollara og láta þær síðan í té öðrum þjóðum samkvæmt Marshall-áætluninni. Þá væri einnig að komast skriður á endurnýjun fisk-samningsins við Þýzkaland. Hefði að vísu um skeið horft svo, að vafasamt væri, hvort hann yrði endurnýjaður, en nú virtist góðar horfur á því, að herinn teldi rétt að gera svo.

Af einu kvaðst Mr. Butrick hafa þó orðið fyrir óþægindum þar vestra. Það var vegna þess, að við nefðum ekki treyst okkur enn til að samþykkja lengingu Keflavíkurflugbrautanna. Sagði hann stjórnvöld þar hafa mikinn hug á þessu; einkanlega flugmálaráðuneytið. Teldi það alveg nauðsynlegt að lengja flugbrautirnar og lægi við, að það skrifaði State Department opinbert bréf um, að þessu yrði að fá framgengt vegna þess, að ekki væri takandi ábyrgð á því að láta framkvæmdir í þessu dragast. Það væri nauðsynlegt bæði fyrir öryggi Íslands og Bandaríkjanna að Keflavíkurflugvöllurinn væri eins fullkominn og hægt væri. Þetta væri einn þátturinn í því.

Ég svaraði þessu litlu öðru en því, að málið væri til athugunar hjá Íslensku stjórninni og mundi ég láta hann vita eins fljótt og ég gæti eitthvað um það sagt. Þá drap ég á, að það væri ekki Íslenska stjórnin ein sem væri sein í svörum. Við nefðum fyrir mörgum mánuðum beðið um skip frá Bandaríkjunum til hreinsunar á Hvalfirði, enda teldum við, að án tillits til

þess, hver nefði sett járnaruslið þar niður, bæri Bandaríkja-
stjórn ábyrgð á því tjóni, sem við yrðum fyrir af þessum sökum
samkv. hverndarsáttmálanum. Loks seint og um síðir nefðum
við fengið svar og þá neikvætt, eða um það, að Bretar mundu
annast þetta Bandaríkjana vegna. Þetta teldi ég vera óheppilegt,
ekki sízt þar sem það hefði einnig dregist mjög af hálfu Breta
að senda hreinsunarskip ningað upp og skoraði ég nú mjög á
Mr. Butrick að taka málið upp að nýju við stjórn sína. Lofaði
nann því.

2 antök.

Miðvikudaginn 18. ágúst 1948 kom Mr. Butrick á skrifstofu mína og áttum við samtál um nokkur málefni. Meðal annars afhenti hann mér memorandum, dags. 18. ágúst, um skipulag kommúnista hér í bæ. Taldi hann upplýsingar þar, sem í memorandum þessu eru, vera áreiðanlegar, þó að ekki gæti hann persónulega ábyrgst, að þar væru óyggjandi. Sérstaklega aðspurður svaraði hann óákveðið, hve áreiðanleg^{fráspurnin} væri ~~þetta~~ ^{frægð} um, að kommúnistar létu upplýsingar sínar ganga áleiðis til rússnesku sendisveitarinnar hér, ^{þá skildist mér sí frá sömu lokað hugd á get- áttum um övurátt vinnu.}

Eg sagði honum, að skipulag það, sem í memorandum þessu er sagt frá, væri í höfuð atriðum ekki ólíkt því, sem aðrir flokkar hefðu hér í bænum og fram að þessu hefði skipulag kommúnista ekki reynst áhrifaríkara en annað, ^{það er áttum áttum} þó að vafalaust væri, að þeir hefðu reynt að fullkomna það á síðustu tímum.

Mr. Butrick lét uppi sérstakar áhyggjur um, að kommúnistar gætu, ef áreynndi ^{einleikum} ~~þá~~ ef stríð brytist út, hrifsað til sín völdin og aðrir væru þá óviðbúnir. Ég svaraði, að vissulega væri mikið til í þessu. Af annarra hálfu hefði verið athugað, hvaða varúðarráðstafanir skyldi gera, en enn væru þær mjög ófullkomnar og allsendis ófullnægjandi.

Það ^{væri} er annað mál, að í slíkum átökum mundu kommúnistar sennilega minna treysta á þetta skipulag sitt heldur en á nokkur hundruð manna sveit æstra áhangenda, er þeir gætu ^{átt} ~~gætu~~ út í hvað sem væri.

Í þessu sambandi spurði ég Mr. Butrick að því, hvort hann teldi bráða stríðshættu nú. Hann sagðist ekki vita til hennar umfram það, sem á allra vitorði væri. Hitt mundi mér kunnugt, að Bandaríkjastjórn væri farin að safna vörum í stórum stíl miðað við, að stríð brytist

Einnig gat hann
 þess að þetta fyrri
 er dæmi til mæli
 ein helst: Bandaríkja-
 floti: ekki tveggja
 til að enda skipt
 til hvernig á
 hlutf.: og helst-
 verið sagt, að skipt
 slíkt skipti, og
 hefur að skipti ni.
 Talið Mr. Buttrick
 þá benda til, að
 niðri þátt: við
 liggja, að allan
 í þessum á milli
 í þessum á milli

út; menn hefðu á ný verið kvaddir í herinn og þó að
 ekki færi hátt um, þá hefðu yfirmenn í hernum verið
 kvaddir til sinna fyrri starfa.

Í framhaldi af þessu leiddist talið að því, e.t.v.
 ekki sízt fyrir minn tilverknað, hvað Bandaríkjastjórn
 mundi gera varðandi Ísland ef til ófriðar kæmi. Mr.
 Buttrick sagði, að á þetta hefði aldrei verið minnst við
 sig af stjórnvöldum í Bandaríkjunum að öðru leyti en
 því, að sér væri kunnugt um samtal, sem hefði verið í
 Washington, - mundi ekki örugglega við hverja - hvort
 það hefði verið við mig, Ólaf Thors eða þegar forsetinn
 var þar staddur, - um afstöðuna gegn Íslandi. Samtal
 þetta hefði verið í sambandi við dinner, sem haldinn hefði
 verið í húsinu andspænis gamla State Department-húsinu,
 og hefði þá verið látið uppi af Bandaríkja hálfa, að
 þau mundu nota Ísland eða Keflavíkurflugvöllinn a.m.k.,
 ef til ófriðar kæmi og hefðu Íslendingarnir fallist á
 það.

Eg svaraði þessu svo, að ^{þá} átt væri við samtal, sem
 nokkrir Bandaríkjamenn hefðu átt við mig, Finn Jónsson
 og Thor Thors, í ^{Blair- Lee-} bly- eða gler-house í desember 1946,
^{þá væri það alger} segja þá misskilning, að við hefðum fallist á nokkuð í
 þessu sambandi. Viðráður þessar hefðu verið algjörlega
 óformlegar og að okkar viti einungis til skýringar.
 Við hefðum ekki verið boðnir, ^{þessu við leiðir verð} sem neini fulltrúar stjórnar
 okkar, og ég ekki einu sinn átt setu í stjórninni, á þeim
 tíma. Við hefðum heldur ekki ^{á milli} formlega skýrt ríkisstjórn-
 inni frá þessum viðráðum, ^{þessu} en við hefðum einungis litið
 á þær sem ^{skýringu} spurningu Bandaríkjamanna á afstöðu sinni og
 áltí þeirra um ^{skýringu} þýðingu Íslands, ef til styrjaldar kæmi.
^{skýringu} þýðingu sem gefin væri Íslenskum stjórnámalamönnum, ^{helst: verið} en
^{á milli} alls ekki fulltrúum Íslensku stjórnarinnar. Viðráðurnar
 hefðu því aðeins verið til að skýra og kanna sjónarmið
 hvors annars en ekki á neinn hátt bindandi. Hinsvegar
 væri okkur auðvitað ljóst - og hefði þá verið ljóst - að

Þetta væri helst: verið

enda helst: aðeins
 verið talað um
 huganlega möguleika
 en aldrei
 við átt að neinum
 skuld hversdags.

i upphafi

ef til ófriðar kæmi hefði Bandaríkin betri aðstöðu en
ella vegna réttinda þeirra ^{slæ} vegna flugvallarsamningsins,
enda hefði það komið glögglega fram í þessum viðræðum
í Washington af hálfru bandaríkjamanna.

Þrátt fyrir þess^a aðstöðu yrðu Bandaríkjamenn að
gera sér ljóst, - og það lagði ég alveg sérstaka áherzlu
á og endurtók, - ef til stríðs kæmi, þá þyrfti sérstakt
samþykki íslensku stjórnarinnar til afnota Keflavíkur-
flugvallar í stríðsskyni. Ef völluminn væri notaður
á þessum veg án samþykkis Íslendinga væri því bæði brotnir
samningar milli landanna og alþjóðalög. Mr. Butrick
sagði þá, að ef til slíkra samningi þyrfti að koma aður,
gæti það orðið hattulegt vegna þess, að þá mundu Rússar
geta komið til landsins á meðan þessum samningaumleitunum
staði og orðið þannig á undan Bandaríkjamönnum. Eg
kvað það ekki ^{líklegt} vera, því að öllum væri ljóst, að ef til
ófriðar drægi eða ef sérstök stríðshætta væri talin, mundu
Bandaríkjamenn sjálfsagt, án alls tilverknaðar Íslendinga,
haga ferðum sínum til Þýskalands, sem þeim væri heimilaðar
í friðsömum tilgangi, þannig að stríð væri nokkur floti
staddur á Íslandi. Þyrfti því ekki af þeim sökum að
óttast, að Rússar yrðu á undan Bandaríkjamönnum. Þess
yrði vel að gata, að þó að slík umferð og skomm við ^{stata}
hér á landi væri heimil, þá réttlætti það ekki, að landið
væri - eða flugvöllurinn - notaður sem stríðs...
án þess að samþykki réttra íslenskra stjórnvalda kæmi
til.

Enda hefti: Þetta
er þetta...
veit ég að þetta
vegna - áhersla af
þessum mönnum flug-
vallar samningsins
- öllum af þessum
um rættum, að þess
heimilast - eða einn
þetta samlega umferð
vegna þess rættanna
- Þýskalandi.

Enn annað mál væri svo það, að sumir héldu því
fram, að sjálfur Keflavíkurvöllurinn og aðstaða Banda-
ríkjamanna þar, færði aukna hætta yfir landið. Hugsan-
legt væri, að vegna tilvistar vallarins mundu Rússar
þegar í upphafi styrjaldar og áður en nokkuð annað yrði
gert, ráðast á völluminn, reyna að sprengja hann og þá
e.t.v. einnig eyðaleggja Reykjavík, eyða mannlífum
og verðmetum í stórum stíl. Við yrðum þannig að sitja

uppi með mikið tjón bæði á mönnum og verðmætum bóta-
laust fyrir það, að að við hefðum samþykkt veru Banda-
ríkjamanna hér.

Mr. Butrick svaraði þessu svo, að engin ný hætta
væri færð yfir landið af þessum sökum. Í síðustu styrj-
öld hefði raunin orðið sú, að Bretar hefðu hertekið
landið jafnvel þó að engir flugvellir væru þá hér til
og sjálfir útbúið þá. Bandaríkjamenn síðan komið eftir
samningum við okkur og útbúið fleiri flugvelli. Svipað
mundi fara í nýrri styrjöld. Aðalatriðið væri, að við
værum á stytstu fluglínunni milli þessara tveggja velda,
sem ^{í einni} ~~þær~~ ^{á milli} ~~stættu hlutað~~. Sú staðreynd yrði ekki umflúin
og við yrðum að setta okkur við afleiðingar hennar,
~~Þetta yrði~~ ^{þetta} yrðum við að fara að eins og aðrar
þjóðir, að velja hvorum megin við við vildum vera.
Norðmenn væru nú þegar búnir að gera sitt val og Danir
langt komnir en Svíar e. t. v. enn nokkuð á báðum áttum.
Við kæmumst ekki undan staðreyndunum eins og þær löggi
fyrir. Það væri og vitað, að megin þorri allra Ís-
lendinga væri með Bandaríkjamönnum eða Vesturveldunum
og óskuðu þeim sigurs ef til átaka kæmi, og mundu ekki
aðeins búast við, að þeir kæmi þá hingað til lands með
her heldur einnig vonast eftir því.

Ég sagði, að vafalaust væri, að yfirgnæfandi meiri-
hluti Íslendinga óskaði Vesturveldunum sigurs ef til
ófriðar kæmi, en þess yrði að gæta, að margir héldu
því fram, einnig velviljaðir menn og aðrir en kommúnistar,
að við ættum að láta deilur stórveldanna með öllu af-
skiptalausar. Þau yrðu að gera upp sín mál sín á milli,
en við að halda áfram að búa í friði í okkar litla landi,
eins og við hefðum gert um langan tíma. Verið gati, að
sumir segðu þetta í þeirri von, að flotar Breta og
Bandaríkjamanna væru svo öflugir, að engin hætta væri
af þeim sökum á því, að Rússar gætu sett sig hér fasta.

Þetta er á, sem
breytt get: þessa.
væri, ef mið talni
gæti: þessir eru Ís-
lands minni en mi
áða enna, en sin
talni sth: at sinu
vit: langt: land.

og mundu þegar af þeirri ástæðu ekki reyna það. ^{af} sömu ástæðu hefði ég talið, að sú hættu, sem hann teldi á kommúnistabyltingu hér ef til ófriðar kæmi, væri ekki sérlega ^{mikil, þar sem kommúnistar mundu telja við} vegna þess, að ^{útlök} Bandaríkin mundu ^{þá} þola það, að kommúnistar gripi ^{valdu} ólöglega til valda á Íslandi, þegar stríð væri byrjað eða yfirvofandi. Þetta mundu kommúnistar sjá jafnvel og laðrin og hattan þess vegna ekki vera sérlega mikil.

Mr. Butrick sagðist ekki geta sagt mikið um þá hættu, sem Ísland kynni að vera í, ^{þar} sem hann vonaði, ~~þ~~ væri, að ef til ófriðar kæmi yrði Bandaríkjaflugher fljótari hingað heldur en rússneskur. Væri það þó mjög undir veðri komið vegna þess, að flugher Bandaríkjamanna kynni að vera kyrsettur vegna veðurs vestan við Atlantshafið og meðan kæmu Rússar hingað. Ég varpaði fram þeirri spurningu, hvort þetta væri svo líklegt, þegar á það væri litið, að hæpið væri, að ef svo ófriðvanlegt væri í heiminum, að stríð gæti brotist út á hverri stundu, að Bandaríkjamenn hefðu þá ekki flugflota stadda á öllum viðkomustöðum á leiðinni til Þýskalands. Mr. Butrick kvað það kynni mega svo vera en um ^{þetta} ~~þetta~~ ^{sem sagt} væri hann ekki maður til að segja; sig skorti sérþekkingu á því. Um hana yrðu hernaðarsérfræðingar að segja, ef mark atti að taka á. Grunur manna væri sá, þótt það væri ekki örugg víska, að Rússar hefðu flugvöll í Spitzbergen og eins hefðu þeir aðstöðu norðarlega í Finnlandi og a.m.k. gatu þeir tekið allt Finnland hvenær sem þeim ~~læti~~ ^{lætist}. Þeir væru því alls ekki jafnlangt undan eins og við e.t.v. vildum vera láta.

Í þessu sambandi drap ég á orðróminn, er gekk í sumar, um að rússneskur her kynni að vera um borð í rússnekkju síldarskipunum og sagði að ég hefði sagt Mr. Byrns frá þeim orðrómi í fjarveru Butricke í Bandaríkjunum, til að fregna hjá honum, hvort nokkur slík

^{hvat} meginhatta ~~gati~~ ^{væri} verið í heimsmálum, að þetta gati verið trúlegt, en Mr. Byrns hefði sagt, að svo væri ekki, og lofað að láta mig vita, ef breyting yrði ~~þá~~ þar á.

Mr. Butrick spurði þá, hvort Rússarnir væri hér ennþá og kvaðst ég halda svo vera ~~þá~~ sagði honum frá því þegar eitt rússneska skipið var tekið í landhelgi og skipstjórinn reyndi ^{því} ~~því~~ að kasta sér í sjóinn á leiðinni inn og sagði yfirmanninum á skipinu, að hann og aðrir yfirmenn þessa rússneska veiðiskips, hefðu allir verið, og varu enn, í rússneska flotanum, en sjálfur hefði hann aldrei nálagst síðveiðum komið. Þá ~~sagði~~ sagði ég og skoðun íslenskra sjómanna, að Rússarnir yfirleitt virtust lítið kunna til veiðanna, enda hefðu þeir Íslendingar, ^{þing} sem þeir fengu um borð, ekki verið sérfræðingar í síðlveiðum, a.m.k. ekki annar þeirra. Mr. Butrick spurði þá nánar um stærð skipanna. Sagði ég, að sta~~sta~~ skipið mundi vera Liberty-skip, sem Bandaríkjamenn hefðu látið ^{þí} ~~þí~~ í té. Mr. Butrick sagði, að það mundi sennilega enn vera í eigu Bandaríkjastjórnar. ^{c.t.v.} Eg svaraði því til, að þeir hefðu þá ^llánað það í þessum sérstaka tilgangi hingað upp til Íslands.

Að svo búnu snérist samtalið að öðru, en ég lét það einhverntíma undir samtalinu uppi, að ég væri því feginn, að Mr. Butrick hefði leitt samtalið að þessu efni, vegna þess að við hefðum töluvert um þetta hugsað en ekki talið tímabært að taka það að fyrra bráði upp við Bandaríkjastjórn, en hann vildi þá ekki við það kannast, að hann hefði byrjað umræður um þetta efni og varð að samkomulagi, að segja matti að samtalið hefði leiðst að þessu efni.

F r á s ö g n .

Þriðjudaginn 24. ágúst 1948 las ég upp á fundi ríkisstjórnarinnar þar sem aðrir ráðherrar voru viðstaddir, skýrslu mína um samtal mitt og Mr. Butricks miðvikudaginn 18. ágúst, varðandi afstöðu Íslands og Bandaríkjanna ef til ófriðar kynni að koma. Ég spurði sérstaklega að því og ítrekaði, hvort nokkuð væri í skýrslunni, sem ráðherrarnir teldu að á þessu stigi málsins hefði verið of eða van mælt. Lýstu þeir allir yfir, að þeir teldu ^{no} ekki vera, heldur hefði ég sett sjónarmið okkar fram á viðhlítandi hátt.

Í umræðunum kom Eysteinn Jónsson sérstaklega inn á ummæli mín varðandi notkun Bandaríkjanna á viðkomuheimild sinni hér á landi ef ófriður væri yfirvofandi, en ekki kom fram, að hann hefði neitt við framsetningu mína að athuga. Þá ræddi hann og sérstaklega um bætur Bandaríkjanna á tjóni sem hér yrði af hernaðarvöldum, en lýsti jafnframt yfir, að hann teldi, að eigi hefði átt að fara lengra í þá sálma á þessu stigi en ég hefði gert.

Nokkuð var rætt um það almennt, hvort taka ætti upp samninga eða viðræður við Bandaríkin um aðstoð, ef til ófriðar kæmi og hverjar kröfur Íslendingar mundu gera á hendur Bandaríkjunum í því sambandi. Niðurstaðan varð sú, að menn þyrftu ^{mánu} ~~því~~ að hugsa um þetta mál áður en lengra væri í þessa sálma farið

Frásögn.

Frásögn.

Þriðjudaginn 24. ágúst 1948 las ég upp á fundi ríkisstjórnarinnar þar sem aðrir ráðherrar voru viðstaddir, skýrslu mína um samtál mitt og Mr. Butrick miðvikudaginn 18. ágúst, varðandi afstöðu Íslands og Bandaríkjanna ef til ófriðar kynni að koma. Eg spurði sérstaklega að því og ítrekaði, hvort nokkuð væri í skýrslunni, sem ráðherrarnir teldu, að á þessu stigi málsins hefði verið of eða van mált. Lýstu þeir allir yfir, að þeir teldu svo ekki vera, heldur hefði ég sett sjónarmið okkar fram á viðhlítandi hátt.

Í umræðunum kom Eysteinn Jónsson sérstaklega inn á ummæli mín varðandi noktun Bandaríkjanna á viðkomuheimild sinni hér á landi ef ófriður væri yfirvandi, en ekki kom fram, að hann hefði neitt við framsetningu mína að athuga. Þá ræddi hann og sérstaklega um batun Bandaríkjanna á tjóni, sem hér yrði af hernaðarvöldum, en lýsti jafnframt yfir, að hann teldi, að elgi hefði átt að fara lengra í þá sálma á þessu stigi en ég hefði gert.

Nokkuð var rætt um það almennt, hvort taka stítt upp samninga eða viðræður við Bandaríkin um aðstoð, ef til ófriðar kæmi og hverjar kröfur Íslendingar mundu gera á hendur Bandaríkjunum í því sambandi. Niðurstaðan varð sú, að menn þyrftu nánar að hugsa um þetta mál áður en lengra væri í þessa sálma farið.

1. útgáfa

Frásögn.

Fimmtudaginn 26. ágúst 1948 kom Mr. Butrick á skrifstofu mín þar á meðal til að ræða um afstöðu Íslendinga til Bandaríkjamanna um nýja skipan á greiðslum til Sameinuðu þjóðanna. Er hann hafði reifað það mál og ég svarað, að auðvitað gæti ég ekki um það sagt að svo stöddu, en mér sýndist málalagitan Bandaríkjamanna ekki óeðlileg, ^{því} Mr. Butrick því, hvort ég gæti sagt sér nokkuð um málefni það, sem ósvarað væri af okkar hendi. Vissi ég þegar, að hann átti við lengingu flugbrautanna á Keflavíkflugvelli, og svaraði því til, að ég hefði ekki talið heppilegt að þvinga fram svar ríkisstjórnarinnar um það málefni fyrr en menn hefðu til hlítar áttað sig á því. Það hefðu menn enn ekki gert.

Mr. Butrick gat þess, að hann hefði rætt um málið við forsætisráðherann s.l. mánudag og þá sagt nonum frá því, að mikilvægt væri að lengingin ætti sér stað til þess, að hinar þungu vélar yrðu síður fyrir slysum ef eitthvert óhapp yrði þegar vélarnar tækju sig á loft. Segja mátti að núverandi lengd brautanna væri viðhlítandi, ef ekkert óhapp henti en bráð hættu væri, ef eitthvað bilaði eða yrði að. Þá þyrftu vélarnar svigrúm til að taka sig á loft. Hinu var hann sammála, að þó að málið væri aðkallandi mjög, þá væri ekki rétt að sækja það af slíku ofurkappi að þvinga fram svar fyrr en menn teldu sig reiðubúnu til að taka afstöðu.

Ég þakkaði nonum fyrir skilning hans á því og jafnframt ~~XXXXXX~~ útskýringar hans á lengingu brautanna en hins yrði einnig að gæta, að ^{áður} skýringar ^{á þessu} nerðu komið fram, ^{áður} h.a. hefði nýlega birst í ^{Skippers}

Magazine ^{þess} grein um hugsanlegt stríð milli Bandaríkjamanna og Rússa ^{þar} í ^{þessum} nefði verið ^{sagt} ^{spátt}, að

Bandaríkjamenn væru ekki búnir til ^{öfritan} ~~atvunda~~ fyrir en ^{leundan} ~~reyndan~~ nafni verið flugbrautir á flugvöllum bæði í Bretlandi og á Íslandi. Eg taldi, að slík ummæli væri eins óheppileg og framast gæti verið unnt. Þau væru bein vopn í höndum ^{sem heitir yst: glögn þessu er} Bandaríkjamanna ^á ~~í~~ Íslandi. ^{íldi hefi við þanda við þessu samstarfi og öðrum samstarfi.} Slík ummæli virtist mér ~~þá~~ torvelda það, að unnt væri að verða við óskum Bandaríkjamanna, þó að menn að öðru leyti hefðu löngun til að verða við þeim vegna þess, að þeir skildu ^{með þessu þessu} ~~að nauðsynlegt væri~~, að auka öryggi Keflavíkurflugvallar sem allra mest, ^{þessi ummæli væri} ~~næstan~~ ^á ~~amóta~~ óheppileg eins og ummælin, sem fallið hefðu á Bandaríkjaþingi í vor um þetta mál. Mér væri að vísu ljóst, að Bandaríkjastjórn gæti ekki við þetta ráðið, en afleiðingar væru engu síður þær sömu.

Mr. Butrick kvað ekki mikið upp úr slíku leggjand. Rit og málfrelsi ríkti í Bandaríkjunum og þó að þar væri margt óviturlegt orð sagt, væri það svipað og á Íslandi ^{ad hlutfalli. Margt þessu er aðili væri} ~~en margt væri skrifað sem staflaust væri~~ og ekki væri að setja fyrir sig eina grein. Að öðru leyti vonaði nann að málið yrði áfram vinsamlega atnugað og nann fengi svar svo fljótt sem verða mætti.

F r á s ö g n.

Fimmtudaginn 26. ágúst kom Mr. Butrick á skrifstofu mína, þar á meðal til að ræða um afstöðu Íslendinga til óskar Bandaríkjamanna um nýja skipan á greiðslum til Sameinuðu þjóðanna. Er hann hefði reifað það mál og ég svarað, að auðvitað gæti ég ekki um það sagt að svo stöddu, en mér sýndist málaleitan Bandaríkjanna ekki óeðlileg, spurði Mr. Butrick að því, hvort ég gæti sagt sér nokkuð um málefni það, sem ósvarað væri af okkar hendi. Vissi ég þegar, að hann átti við lengingu flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli, og svaraði því til, að ég hefði ekki talið heppilegt að þvinga fram svar ríkisstjórnarinnar um það málefni fyrr en menn hefðu til hlítar áttað sig á því. Það hefðu menn enn ekki gert.

Mr. Butrick gat þess, að hann hefði rétt um málið við forsætisráðherra s.l. mánudag og þá sagt honum frá því, að mikilvægt væri, að lengingin átti sér stað til þess, að hinar þungu vélar yrðu síður fyrir slysum, ef eitthvert óhapp yrði þegar vélarnar tækju sig á loft. Segja mætti að núverandi lengd brautanna væri viðhlítandi, ef ekkert óhapp henti en bráð hætti væri, ef eitthvað bilaði eða yrði að. Þá þyrftu vélarnar svigrúm til að taka sig á loft. Hinu var hann sammála, að þó að málið væri aðkallandi mjög, þá væri ekki rétt að sækja það af slíku ofurkappi að þvinga fram svar fyrr en menn teldu sig reiðubúna til að taka afstöðu.

Ég þakkaði honum fyrir skilning hans á því og jafnframt útskýringar hans á lengingu brautanna en hins yrði einnig að gæta, að aðrar skýringar hefðu einnig komið fram. M.a. hefði að sögn nýlega birt í Harper's Magazine grein um hugsanlegt stríð milli Bandaríkjamanna og Rússa og í nenni hefði verið sagt, að Bandaríkjamenn væru ekki búnir til ófriðar fyrr en lengdar hafi verið

flugbrautir á flugvöllum bæði í Bretlandi og á Íslandi. Ég taldi, að slík ummæli væri eins óheppileg og framast gæti verið unnt. Þau varu þein vopn í höndum fjandmanna Bandaríkjamanna, sem beitt yrði gegn þeim er á Íslandi vildi hafa við Bandaríkin vinsamlega og eðlileg samskipti. Slík ummæli virtist mér torveldis það, að unnt væri að verða við óskum Bandaríkjamanna, þó að menn að öðru leyti hefðu löngun til að verða við þeim vegna þess, að þeir skildu nauðsyn þess, að auka öryggi Keflavíkurflugvallar sem allra mest. Þessi ummæli mundi vera á móta óheppileg eins og ummælin, sem fallið hefðu á Bandaríkjapingi í vor um þetta mál. Mér varí að vísu ljóst, að Bandaríkjastjórn gæti ekki við þetta ráðið, en afleiðingar væru engu síður þar sömu.

Mr. Butrick kvað ekki mikið upp úr slíku leggjandi.

Rit og málfrelsi ríkti í Bandaríkjunum og þó að þar væri margt óviturlegt orð sagt, varí það svipað og á Íslandi að hlutfalli. Margt fásinnuorðið varí hvarvegna skrifað og ekki bæri að setja fyrir sig eina grein. Að öðru leyti vantaði hann, að málið yrði áfram vinsamlega athugað og hann fengi svar svo fljótt sem verða mátti.